



Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/837
komudagur 6.12.2007

Hvammstanga 5. desember 2007

Efni: Tillaga til þingsályktunar um heilsársveg yfir Kjöl. 21. mál

Á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV, þann 28.11.2007 var framangreind þingsályktunartillaga tekin til umsagnar. Þar kom eftirfarandi fram,

Stjórn SSNV leggur áherslu á að samgöngubætur taki ekki eingöngu mið af styttingu vegalengda milli Akureyrar og Suðurlands. Mikilvægt er einnig að líta á mikilvægi samgangna í þróun byggða og þeirrar staðreyndar að ríkisvaldið hefur beitt slíkum framkvæmdum í þágu byggða. Stjórnin telur það ekki forgangsmál í samgöngumálum að beina sjónum að heilsársvegi yfir Kjöl eins og sakir standa en hefur bent á þörf fyrir vegabætur á þjóðvegi 1 um Vesturland, Húnavatnssýslur og Skagafjörð. Hins vegar telur stjórn SSNV nauðsyn á að bæta ástand Kjalvegur þannig að hann beri núverandi umferð. Þá hefur SSNV ályktað um bággt ástand safn og tengivega á Norðurlandi vestra og telur brýnni þörf á stórataki í þeim á þeim vetvangi en heilsársvegi um Kjöl.

Páll Dagbjartsson óskar bókað að hann styður að fram fari hagkvæmni athugun á heilsársvegi um Kjöl.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Jón Óskar Pétursson

Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV.

Til Samgöngunefndar Alþingis.

Efni: Umsógn um þingsályktunartillögu um að gerð verði hagkvæmniathugun á lagningu heilsársvegar yfir Kjöl.

Ofangreind þingsályktunartillaga hefur verið til umfjöllunar í stjórn SSNV. Undirritaður getur ekki að öllu leyti tekið undir álit meirihluta stjórnar SSNV varðandi málið og vill taka fram eftirfarandi:

Hugmynd um langinu heilsársvegar yfir Kjöl var komin fram nokkru áður en síðustu sveitarstjórnarkosningar fóru fram vorið 2006. Sjálfstæðisflokkurinn í Skagafirði hafði það meðal kosningamála í þeim kosningum að mæla með lagningu vegarins, enda séð fyrir að sú framkvæmd mundi vera Skagafjarðarhéraði og reyndar Norðvesturlandi öllu til hagsbóta. Þar má m.a. nefna margvísleg tækifæri sem sköpuðust í ferðaþjónustunni á svæðinu öllu. Ég styð fram komna þingsályktunartillögu og vænti þess að hún nái fram að ganga.

Virðingarfyllt

Páll Dagbjartsson
í stjórn SSNV.